

REGLUGERÐ

um (15.) breytingu á reglugerð nr. 653/2001 um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XIII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2008 frá 7. júní 2008 öðlast eftirfarandi EB-gerðir gildi hér á landi:

- A. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1323/2007 frá 12. nóvember 2007 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu að því er varðar fírókoxíð.
- B. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1353/2007 frá 20. nóvember 2007 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu að því er varðar mónensín, lasalósíð og týlvalósín.

2. gr.

Með innleiðingu á reglugerðum Evrópusambandsins breytast ákvæði reglugerðar nr. 653/2001 um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk, þannig að:

- A. Eftirfarandi efni er bætt við 4. kafla í I. viðauka:
4. Bólgueyðandi lyf
- 4.1. Bólgueyðandi lyf önnur en sterar
- 4.1.7. Súlfuð fenýllaktón

Lyfjafræðilega virk(t) efni	Leifamerki	Dýrategundir	Hámarksgildi leifa	Markvefir
Fírókoxíð	Fírókoxíð	<i>Dýr af hestaætt</i>	10 µg/kg	Vöðvi
			15 µg/kg	Fita
			60 µg/kg	Lifur
			10 µg/kg	Nýru

- B. Eftirfarandi efnum er bætt við í 1. kafla I. viðauka:
- 1.2.4. Makrólíð

Lyfjafræðilega virk(t) efni	Leifamerki	Dýrategundir	Hámarksgildi leifa	Markvefir
Týlvalósín	Summa týlvalósíns og 3-O-asetýltýlósíns	Svín	50 µg/kg	Vöðvi
			50 µg/kg	Fita ⁽¹⁾
			50 µg/kg	Lifur
			50 µg/kg	Nýru
		Alifuglar ⁽²⁾	50 µg/kg	Fita ⁽³⁾
			50 µg/kg	Lifur

⁽¹⁾ Fyrir svín varðar þetta hámarksgildi leifa „húð og fitu í eðlilegum hlutföllum“.

⁽²⁾ Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til manneldis.

⁽³⁾ Fyrir alifugla varðar þetta hámarksgildi leifa „húð og fitu í eðlilegum hlutföllum“.

Eftirfarandi liður 1.2.16 bætist við:
1.2.16. Jónaberar

Lyfjafræðilega virk(t) efni	Leifamerki	Dýrategundir	Hámarksgildi leifa	Markvefir
Mónensín	Mónensín A	Nautgripir	2 µg/kg	Vöðvi
			10 µg/kg	Fita
			30 µg/kg	Lifur
			2 µg/kg	Nýru
			2 µg/kg	Mjólk
Lasalósíð	Lasalósíð A	Alifuglar	20 µg/kg	Vöðvi
			100 µg/kg	Fita ⁽¹⁾
			100 µg/kg	Lifur
			50 µg/kg	Nýru
			150 µg/kg	Egg
⁽¹⁾ Fyrir alifugla varðar þetta hámarksgildi leifa „húð og fitu í eðlilegum hlutföllum“.				

C. Lyfjafni „Lasalósíð“ fellur brott í töflu 2.4.4, kafla 2, I. viðauka.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum og lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, ásamt síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 16. mars 2009.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Baldur P. Erlingsson.